

Draumar geta ræst

Mig dreymir um að verða
kafari, geimfari, trommari, amma
Mig dreymir um að verða
Listakona með stall

Mig langar svo að verða
arkitekt, jútúber, grínisti, lögga
Mig langar svo að verða
Rosa frægur karl

Ég væri stundum til í að vera meiri þakkari
ofurlítið fyndnari og þínu hugrakkari

**Óska þess
að draumar fengju í lífi okkar ögn stærri sess
En enginn veit hvað verður næst
ég veit það eitt, að draumar geta ræst (x2)**

Óó óó
Draumar geta ræst
Óó óó

Mig dreymir um að eignast
tígrisdýr, kengúru, systkini, apa
Mig dreymir um að eignast
pöndu og hákarl

Mig langar svo að fá mér
bókasafn, risahús, nefhring og tattú
Mig langar svo að fá mér
Gimsteina og skart

Ég vildi að það væri engin stríðni og ekkert stríð
Allir væru vinir, massasáttir alla tíð

Óska þess
að draumar fengju í lífi okkar ögn stærri sess.
En enginn veit hvað verður næst
ég veit það eitt, að draumar geta ræst (x2)

Óó óó
Draumar geta ræst
Óó óó

Rétt upp hönd ef þú vilt skoða heiminn
Ennþá hærr' ef þú vilt skoða geiminn
Rétt upp hönd ef þú ert stundum feimin/n
Hey ho - Hey hey ho

Rétt upp hönd ef þú vilt eiga heima
Í heimi þar sem er í lag' að dreyma
Rétt upp hönd ef þú trúir því að draumar geti ræst

Óska þess
að draumar fengju í lífi okkar ögn stærri sess.
En enginn veit hvað verður næst
ég veit það eitt, að draumar geta ræst (x2)

Óó óó óó
Draumar geta ræst
Óó óó óó
Já, draumar geta ræst